

Hverfisráð Hríseyjar

77. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein fimmtudaginn 20. febrúar 2014 klukkan 14:00. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson.

Dagskrá:

1. Atvinnumál. Hverfisráð sendi frá sér ályktun til bæjarráðs um þróun atvinnumála í Hrísey og vegna uppsagna í Hvammi. Ráðið telur mikilvægt að grípa til bráðaaðgerða til að koma í veg fyrir lokun fyrirtækisins. Viljum engar skyndilausnir heldur viljum við að bærinn grípi til aðgerða.
2. Læknamál: Eiríkur sendi bréf eftir íbúafundinn í Hrísey á heilbrigðisráðherra og framkvæmdastjóra heilsugæslu Dalvíkur. Enn hefur ekki borist svar frá Kristjáni heilbrigðisráðherra. Svar frá Konráði framkvæmdastjóra gaf til kynna að hans vilji væri að heilsugæslumál Hríseyinga flyttust til Akureyrar. Við lýsum yfir furðu okkar með þessi viðbrögð. Í dag tilheyrum við Heilsugæslunni á Dalvík og viljum fá læknaþjónustu frá þeim hingað nú þegar. Við viljum ekki þurfa að líða fyrir tal um sameiningar og peningaútlát. Hríseyingar eiga rétt á því.
3. Hverfisráð fagnar því að 60% starf við símsvörun sé orðið að veruleika í Hrísey. Ráðið lýsir yfir óánægju með vinnuaðferðir og verklag hjá bæjaryfirvöldum varðandi málið og teljum við verkið hafa tafist og unnist hægt vegna þess.
4. Eyþing hefur ekki svarað erindi frá Hverfisráðum Hríseyjar og Grímseyjar vegna rútusamgagna við ferjur. Bréf var sent 18. september 2013.
5. Hverfisráð Hríseyjar gerir það að tillögu sinni að 1 milljón sem hverfiráð má ráðstafa til umhverfismála verði sett í hátíðarsvæðið. Að gert verði meira úr aðstöðunni sem byggð var upp í fyrra. Þar er nú grill og borð. Við leggjum til að settar verði hellur í kringum grillin og byggt skjól yfir aðstöðuna. Svæðið verði afmarkað með hnallungum og rekaviðardrumbum sem börn og fullorðnir geta tillt sér á og leikið sér á. Einnig leggjum við til að farið verði í skipulag og undirbúning á göngustíg með lýsingu frá hafnarsvæðinu og upp á Norðurgötu í gegnum hátíðarsvæðið.
6. Hverfisráð ræddi um hugmyndir Ferðamálafélagsins um uppbyggingu gamalla verðbúða niður við hafnarsvæðið. Hverfisráð samþykkir teikningar og tillögur sem gerðar hafa verið og sendir erindið áfram til skipulagsyfirvalda til umfjöllunar og fyrir deiliskipulag. Næsti fundur boðaður 10. mars klukkan 16:00 Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 15:30.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur